

#### 44. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 05.05 2020, kl. 13:30

---

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Gunnar Gunnarsson 2. varamaður í stað Eiríks J. Kjerúlf sem boðað hefur forföll. Undir 1. lið mættu Sigurður Álfgeir Sigurðsson og Ingvar Rafn Stefánsson endurskoðendur sveitarfélagsins og Unnur Inga Dagsdóttir bókhaldari sveitarfélagsins. Undir lið 3. mættu Agnes Brá Birgisdóttir og Ragna Fanney Jóhannsdóttir frá Vatnajökulspjóðgarði.

#### Dagskrá

1. **Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2019, síðari umræða, endurskoðandi og bókhaldari mæta**
2. **Viðbrögð og viðspyrna í Fljótsdalshreppi vegna áhrifa COVID 19**
3. **Vatnajökulspjóðgarður. Stjórnar og verndaráætlun , atvinnustefna. Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður**

#### 4. Bréf

- a) Baldur Grétarsson dags. 20.04 2020
- b) Afrit af bréfi Samband íslenskra sveitarfélaga til Grýtubakkahrepps, dags. 27.04 2020
- c) Ferðamálastofa dags.01.04 2020

#### 5. Fjárbeiðnir

Félag skógarbænda á Austurlandi. Skógardagurinn mikli 2020

#### 6. Umhverfisstyrkir

Lárus og Sigríður Droplaugarstöðum

#### 7. Fundargerðir

- a) Landbótasjóður Fljótsdalshrepps 02.03 og 20.03
- b) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 06.04 2020
- c) Almannaþingarnefnd Austurlands 06.04-08.04-14.04-20.04
- d) Samfélagssjóður Fljótsdals 26.03 og 03.04
- e) Ferðamálanefnd 29.04
- f) HAUST 28.04 2020

#### 8. Skýrsla framkvæmdastjóra

#### 9. Ráðningarsamningur við sveitarstjóra, drög

#### 10. Önnur mál

##### 1. Ársreikningur Fljótsdalshrepps 2019, síðari umræða

Gestirnir fóru yfir drög að ársreikningi sveitarfélagsins. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

Rekstrartekjur sveitarfélagsins námu 270,4 m.kr og rekstrargjöld 247,6 m.kr. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 6,7 m.kr. Rekstrarniðurstaða ársins er jákvæð um 0,9 m.kr.

Peningalegar eignir sveitarfélagsins í árslok námu 390,3 m.kr og skuldir samtals 91,4 m.kr. Peningalegar eignir umfram skuldir námu því 298,9 m.kr.

Heildarlaunagreiðslur og launatengd gjöld sveitarfélagsins námu 28,1 m.kr.

Afskriftir námu 28, 5 m.kr.

Veltufé frá rekstri nam 29,6 m.kr.

Fjárfesting nam 4,5 m.kr.

Handbært fé í árslok var 359, 4 m.kr

Langtímalán að upphæð 8 m.kr hvílir á 2 félagslegum íbúðum á Hallormsstað, sem Fljótsdalshreppur á með Fljótsdalshéraði. Önnur langtímalán er sveitarfélagið ekki með.

Skuldaviðmið Fljótsdalshrepps reiknað samkvæmt reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga er 0,0%. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum má þetta hlutfall ekki vera hærra en 150%. Fjárhagsleg staða sveitarfélagsins er því sterk og veltufjármunir eru hærri en allar skuldir sveitarfélagsins.

Samkvæmt 64. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, skulu samanlögð regluleg heildarútgjöld til rekstrar vegna A og B-hluta á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærri en samanlagðar rekstrartekjur. Samanlögð rekstrarniðurstaða hjá Fljótsdalshreppi er jákvæð sem nemur 38,2 m.kr. á árunum 2017-2019. Sveitarfélagið hefur uppfyllt þetta lagaákvæði síðastliðið ár.

Endurskoðendur beina þeim tilmælum til sveitarstjórnar að innra eftirlit og starfaáðgreining innan sveitarfélagsins verði styrkt. Farið verður yfir það með nýjum framkvæmdarstjóra þegar hann kemur til starfa.

Eftir umræður um ársreikninginn og endurskoðunarskýrslu var reikningurinn borinn upp til samþykktar og var samþykktur samhljóða.

Ætla má að neikvæð áhrif af COVID-19 verði á útsvarstekjur sveitarfélagsins 2020 og framlög úr Jöfnunarsjóði. Ljóst er að með samþykkt laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga eftir að fjárhagsáætlun 2020 var samþykkt, verður ekki um að ræða framlag úr Jöfnunarsjóði til Fljótsdalshrepps. Við gerð fjárhagsáætlunar hafði verið gert ráð fyrir framlagi að upphæð um 8 m.kr.

Að því loknum umræðum voru reikningarnir og endurskoðendaskýrsla áritaðir og gestir yfirlit fundinn.

## **2. Viðbrögð og viðspyrna í Fljótsdalshreppi vegna áhrifa COVID 19**

Fyrir fundinum liggur minnisblað framkvæmdastjóra dags. 05.05 2020

Gjalddagar fasteignaskatta í Fljótsdalshreppi árið 2020 eru 3 , júní-júlí-ágúst og eindagi hvers gjalddaga 1 mánuði síðar. Samþykkt.

Fyrirtæki sem greiða fasteignaskatt skv. C. flokki 3.mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga og hafa orðið fyrir verulegu tekjutapi vegna áhrifa COVID-19, geta óskað eftir frestun greiðslu, eindagi greiðslu væri þá í síðasta lagi 15.01 2021, en annað fyrirkomulag

greiðslna verður ákveðið í samvinnu við hvern og einn gjaldanda. Sækja skal um frestun á netfangið [fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is](mailto:fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is).

Skilyrði er að gjaldandi sé ekki í langvinnnum vanskilum á opinberum gjöldum, sköttum og öðrum greiðslum til sveitarfélagsins og geti sýnt fram á a.m.k. 25% tekjufall, síðustu þriggja mánaða, miðað við síðasta ár. Samþykkt.

Sveitarstjórn samþykkir að á árinu 2020 verði fyrirtæki í Fljótsdalshreppi ekki rukkuð vegna eftirlitsgjalda HAUST. Samþykkt.

#### *Gunnþórunn og Gunnar véku af fundi vegna vanhæfis*

Sveitarstjórn samþykkir að á árinu 2020 verði felld niður leigugjöld fyrri hluta ársins hjá Laugarfellsskála og gistihúsum við Végarð. Samþykkt.

#### *Gunnþórunn og Gunnar komu aftur til fundar*

Þegar hefur sveitarfélagið veitt styrk til ferðaþjónustuaðila í sveitarfélaginu, til markaðssetningar, í þeim tilgangi að hamlar á móti áhrifum vegna fyrirsjáanlegrar fækkunar erlendra ferðamanna. Fljótsdalshreppur mun áfram vinna með ferðaþjónustuaðilum að frekari markaðssetningu.

Til að hvetja til framkvæmda, fjölgunar starfa og umsvifa í sveitarfélaginu, samþykkir sveitarstjórn að hækka hámarksstyrk umhverfisstyrkja til jarða á árinu 2020, þannig að hámarksstyrkur verði 5 milljónir kr. og þá mótframlag styrkþega 2 milljónir (útlagður kostnaður). Að öðru leyti verða reglur um umhverfisstyrki 2020 óbreyttar. Samþykkt.

Þessi hækkun á umhverfisstyrk er afturvirk og geta þeir sem nú þegar hafa sótt um á árinu 2020 aðlagð umsóknir sínar vegna hækkunar styrksins. Samþykkt að úthlutunarreglur vegna umhverfisstyrks verði endurskoðaðar við næstu fjárhagsáætlunargerð.

Þá samþykkir sveitarstjórn að ráða aðila í 1-2 mánuði í sumar til að vinna að örnefnaskráningu í Fljótsdalshreppi. Leitað verði samstarfs við Vinnuálastofnun eða Nýsköpunarsjóð námsmanna um ráðninguna, sem vinnuáætlunarráði. Samþykkt.

Alls er gróflega áætlað að tekjulækkun og gjaldahækkun vegna ofangreindra viðbragða við áhrifum COVID-19 nemi um kr. 35 milljónir á árinu 2020. Því verður mætt með lækkun á eigin fé.

Gerður verður viðauki við fjárhagsáætlun 2020 vegna þessara aðgerða og lagður fyrir sveitarstjórn. Ekki er útilokað að til frekari viðbragða sveitarstjórnar komi síðar á árinu. Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir því við nefndir sveitarfélagsins að þær komi með hugmyndir að aðgerðum og framkvæmdum sem nýst gætu til viðspyrnu.

Við yfirferð á fjárhagsáætlun og umræðu um framkvæmdir á árinu hefur komið í ljós að fjórir eftirtaldir liðir eru ekki með fjárheimild á fjárhagsáætlun ársins: Reiðvegur frá Hjarðarbóli að

Droplaugarstöðum (2.000.000 kr.), viðarkynding í Végarði, bílastæðamerkingar við Hengifoss og Végarð og rafhleðslustöð við Végarð. Gera þarf viðauka við fjárhagsáætlun vegna þessara útgjaldaliða.

### 3. Vatnajökulsþjóðgarður. Stjórnar og verndaráætlun , atvinnustefna.

Agnes og Ragna sögðu að breytinga væri að vænta á stjórnunar og verndaráætlun þjóðgarðsins og stefnt á að þeirri endurskoðun verði lokið á árinu, einnig er atvinnustefna þjóðgarðsins til kynningar. Þá kynntu þær drög að nýjum þjónustusamningi vegna landvörslu við Hengifoss sumarið 2020. Oddvita og sveitarstjóra falið að ganga frá samningnum. Rætt um önnur möguleg samstarfsverkefni árið 2020.

### 4. Bréf

#### a) Baldur Grétarsson dags. 20.04 2020.

Varðar ósk um að fá að sleppa fé í Rana. Undir þessu erindi liggur fyrir minnisblað frá Jóni Jónssyni lögfræðingi. Sveitarstjórn samþykkir að vísa málinu til Fjallskilaneftndar og að óska eftir að Baldur skili inn skriflegu samþykki umráðamanna Skriðuklausturs vegna afréttarnota.

#### b) Afrit af bréfi Sambands Íslenskra sveitarfélaga til Grýtubakkahrepps, dags. 27.04 2020 Varðar svar Sambands Íslenskra sveitarfélaga til minni sveitarfélaga vegna óánægju þeirra um fyrirhugaða lagasetningu um sameiningu sveitarfélaga og framgöngu stjórnar sambandsins.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps harmar útúrsnúning stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga við bréfinu og að hún skuli beita starfsfólki Sambandsins sem skildi, fremur en bregðast við erindinu efnislega. Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps lýsir vonbrigðum sínum með að stjórn telji það ekki skyldu sína að standa vörð um hagsmuni minni aðildarsveitarfélaga.

#### c) Ferðamálastofa dags.01.04 2020

Rökstuðningur vegna synjunar styrkumsóknar úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða vegna Hengifoss - bygging þjónustuhúss Sveitarstjórn lýsir yfir vonbrigðum með afgreiðslu umsóknarinnar.

### 5. Fjárbeiðnir. Félag skógarbænda á Austurlandi. Skógardagurinn mikli 2020 Eftir að erindið var sent hefur Skógardeginum 2020 verið aflýst.

### 6. Umhverfisstyrkir

Lárus og Sigríður Droplaugarstöðum

*Lárus vék af fundi.*

Samþykktur hámarksstyrkur.

*Lárus kom til fundar*

## 7. Fundargerðir

- a) Landbótasjóður Fljótsdalshrepps 02.03 og 20.03. Kynntar.
- b) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 06.04 2020. Kynnt.
- c) Almannavarnarnefnd Austurlands 06.04-08.04-14.04-20.04. Kynntar.
- d) Samfélagssjóður Fljótsdals 26.03 og 03.04. Kynntar.
- e) Ferðamálanefnd 29.04  
Lið 2 í fundargerð ferðamálanefndar er vísað til framkvæmdarstjóra sveitarfélagsins til frekari úrvinnslu.
- f) HAUST 28.04 2020. Kynnt.

## 8. Skýrsla framkvæmdastjóra

Fundir þ.e. aðrir en sveitarstjórnarfundir hafa frá því í marsmánuði, nánast alfarið farið fram sem fjarfundir, það á við um Almannavarnarnefnd Austurlands sem hefur fundað vikulega, fjarfundi SSA og sveitarstjóra á svæði SSA sem hafa fundað reglulega að undanfögnu og fleiri fundaviðburði sem framkvæmdastjóri hefur tekið þátt í.

Oddviti og framkvæmdastjóri sátu fjarfund þar sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun kynnti starfsemi sína 30. apríl. Þar kom ýmislegt athyglisvert fram sem gæti gagnast Fljótsdalshreppi varðandi hugmyndir um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í sveitinni.

Fjallskilasamþykkt SSA hefur verið send til staðfestingar og birtingar í Stjórnartíðindum, það er nokkur ferill sem búast má við að taki einhverjar vikur að ljúka.

Beiðni um upplýsingar um styrki sem fjallað var um á fundi 7. apríl hefur verið svarað.

Jöfnunarsjóður hefur upplýst sveitarfélög um að mikil óvissa ríki um áætlaðar tekjur Jöfnunarsjóðs á árinu 2020 og að framkvæma þurfi nýja greiðsluáætlun vegna framlaga ársins. Þegar hafa verð lækkaðar áætlaðar mánaðargreiðslur til sveitarfélaga vegna útgjaldajöfnunarframlaga og framlaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti um 12,5%

Umhverfisstofnun telur með hliðsjón af óvissu um stöðu jarða er liggja að Hengifossvæðinu, sé rétt að biða með friðlýsingarferil svæðisins.

Skekka virðist í hnitsetningu sumarbústaðalóða (a.m.k. einhverra þeirra) í landi Víðivalla ytri 1. Eldri og yngri hnitsetningar fara ekki saman.

Lánasjóður sveitarfélaga hefur tilkynnt að enginn arður verði greiddur út til hluthafa vegna afkomu ársins 2019.

Ásdís verkefnisstjóri sótti um fyrir hönd Fljótsdalshrepps um styrk úr styrktarsjóði EBÍ vegna íbúðasvæðisverkefnis.

Þjóðskjalasafn Íslands hefur sett nýjar reglur um meðferð, varðveislu og eyðingu á tölvupóstum. Reglurnar tóku gildi 15. apríl. sl.

Alþingi hefur sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna (715. mál). Umsagnarfrestur er til 21. maí. Varaoddvita falið að vinna drög að umsögn.

Að undanfögnu hefur verið unnið að undirbúningi og frágangi mála er varða ráðningu nýs sveitarstjóra. Gengið hefur verið frá ráðningu Helga Gíslasonar í það starf og gert ráð fyrir að Helgi komi til starfa 1. júní n.k., en ráðningasamningur núverandi framkvæmdastjóra rennur út 30. júní.

#### **9. Ráðningarsamningur við sveitarstjóra, drög**

Á grundvelli fyrirleggjandi draga er Oddvita heimilað að undirrita samninginn.

#### **10. Önnur mál**

- a) Beiðni um rökstuðning vegna ráðningu sveitarstjóra.  
Oddvita og lögfræðingi sveitarfélagsins falið að svara þeim sem óska rökstuðnings.
- b) Rætt var um skilvirkni sveitarstjórnarfunda og hlutverk nefnda. Einnig kom fram ábending um að aðgerð til bættar skilvirkni sveitarstjórnarfunda gæti verið að lágmarka liðinn önnur mál.

Gunnþórunn framkvæmdastjóri tekur orlof í maí. Lárus varaoddviti mun annast afleysingu á skrifstofu Fljótsdalshrepps næstu tvær vikur, en gert ráð fyrir að skrifstofan verði lokuð síðustu viku maí mánaðar.

Ákveðið að fresta næsta sveitarstjórnarfundi til 9. júní.

Fundi slitið klukkan 19:48  
Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Jóhann F. Þórhallsson (sign)  
Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)  
Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)  
Gunnar Gunnarsson (sign)  
Lárus Heiðarsson (sign)